

2010 nr. 47 28. maí**[Lög um sanngirnismætur fyrir misgjörðir á stofnunum fyrir fötluð börn]¹⁾**¹⁾ L. 148/2020, 13. gr.

Tóku gildi 2. júní 2010. *Breytt með:* L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 117/2015 (tóku gildi 19. des. 2015), L. 72/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019 nema 9. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021; *EES-samningurinn*: XX. viðauki tilskipun 2003/4/EB), L. 148/2020 (tóku gildi 1. jan. 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Gildissvið og yfirstjórn.

□ Lög þessi mæla fyrir um greiðslu sanngirnismæta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum [fyrir fötluð börn sem starfræktar voru á vegum hins opinbera og þar sem börn voru vistuð sólarhringsvistun].¹⁾ [Lög þessi taka til starfsemi þessara stofnana fram til 1. febrúar 1993.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ fer með yfirstjórn og framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 148/2020, 1. gr. ²⁾ L. 126/2011, 526. gr.**■ 2. gr. Skilyrði þess að krafa sé tekin til meðferðar.**

□ Sá sem vistaður var á stofnun . . .¹⁾ sem lög þessi taka til getur krafist sanngirnismæta samkvæmt lögum þessum, enda liggja fyrir . . .¹⁾ innköllun sýslumanns. Sýslumaður tekur afstöðu til krafna en sá sem krefst bóta getur leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr. uni hann ekki niðurstöðu sýslumanns.

¹⁾ L. 148/2020, 2. gr.**■ 3. gr. Skilyrði sanngirnismæta.**

□ Greiða skal sanngirnismætur úr ríkissjóði á grundvelli laga þessara hafi vistmaður orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð, sem olli honum varanlegum skaða.

□ Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,

b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,

c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin.

□ Með varanlegum skaða er átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

■ 4. gr. Fjárhæð sanngirnismæta.

□ Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnismæta skal litið til:

1. alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þ.m.t. með tilliti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra,

2. alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt er að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfíðleika og missis tækifæra sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika.

□ Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnismæta skal einnig, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Bætur til einstaklings skulu aldrei vera hærri en 6 millj. kr. Hámark þetta breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs.

□ [Nú hefur vistmaður verið vistaður á fleiri en einni stofnun sem falla undir lög þessi og skal þá við endanlegt mat líta heildstætt til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr., þó þannig að heildarbætur rúmist innan marka þess sem getur í 2. mgr.]¹⁾

□ Bætur . . .¹⁾ skal greiða út í einu lagi. . .¹⁾ Bótafjárhæð skal bundin vísitölu neysluverðs frá því að hún er ákveðin í sáttaboði skv. 6. gr. eða úrskurði skv. 9. gr.

¹⁾ L. 148/2020, 3. gr.**■ 5. gr. Innköllun.**

□ [Eigi síðar en 1. febrúar 2021 skal ráðherra fela tilteknum sýslumanni að gefa út innköllun vegna stofnana sem falla undir lög þessi.]¹⁾ Innköllun skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði, svo og tvívegis í útbreiddu dagblaði. Þar skal skorað á þá sem dvalið hafa á tiltekinni stofnun . . .¹⁾ á tilgreindu tímabili . . .¹⁾ og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði.

□ Sýslumaður ákveður form innköllunar og gefur út eyðublað fyrir þá sem hyggjast lýsa kröfum sínum. Á eyðublaðinu skal sá er lýsir kröfu tilgreina svo sem kostur er dvalartíma á stofnun . . .¹⁾ og helstu ástæður þess að hann telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum. [Þar skal einnig gefinn kostur á að veita sýslumanni heimild til aðgangs að gögnum um viðkomandi sem varða málið hjá öðrum stjórnvöldum.]¹⁾

□ Nú er kröfu ekki lýst innan þess frests sem greinir í 1. mgr. og fellur hún þá niður. Víkja má frá þessu í allt að tvö ár frá því að kröfulýsingarfresti lýkur ef sýnt þykir að þeim sem lýsir kröfu var það ekki unnt fyrir eða önnur veigamikil rök mæla með því.

¹⁾ L. 148/2020, 4. gr.**■ 6. gr. Sáttaboð.**

□ Að loknum kröfulýsingarfresti skal sýslumaður fara yfir þær kröfur sem lýst hefur verið og önnur tiltæk gögn. [Hann skal afla staðfestingar á því að viðkomandi hafi verið vistaður á þeirri stofnun sem um ræðir.]¹⁾ Telji sýslumaður að líkur standi til að bótaskilyrði laga þessara séu uppfyllt skal hann að höfðu samráði við ráðherra gera viðkomandi einstaklingi skriflegt og bindandi sáttaboð. Að öðrum kosti skal hann synja kröfu með rökstuddu bréfi. Málsmeðferð af hálfu sýslumanns skal vera einföld og henni skal hraðað eins og kostur er. Honum er óskýlt að taka munnlegar skýrslur af þeim sem gera kröfur. Skal hann eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að [einni og sömu]¹⁾ stofnuninni.

□ [Sá sem hefur lýst kröfu skal taka afstöðu til sáttaboðs innan 30 daga frá móttöku þess. Verði sáttaboði ekki tekið innan þess frests telst því hafa verið hafnað.]¹⁾

□ Hafni sá sem kröfu hefur lýst sáttaboði eða hafi kröfu hans verið synjað getur hann innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr.

□ Fallist sá sem kröfu hefur lýst á sátt samkvæmt þessari grein með skriflegum hætti felur það í sér afsal allra frekari krafna á hendur ríki og eftir atvikum sveitarfélögum, sbr. 13. gr., vegna vistunar á viðkomandi stofnun . . .¹⁾ Gjaldtagi er [30 dögum]¹⁾ eftir að sýslumanni berst skriflegt samþykki viðtakanda bóta.

¹⁾ L. 148/2020, 5. gr.**■ 7. gr. Úrskurðarnefnd um sanngirnismætur.**

□ Ráðherra skipar, án tilnefningar, nefnd þriggja manna og þriggja til vara til þess að taka afstöðu til krafna um sanngirnismætur samkvæmt lögum þessum ljúki málum ekki á grundvelli 6. gr. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu skipaðir til allt að þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður skal fullnægja skilyrðum til að vera hæstaréttardómari, en hann skal jafnframt vera formaður nefndarinnar. Einn skal vera lækni og einn sálfræðingur. Um sérstök hæfisskilyrði gilda reglur

stjórnsýslulaga. Varamenn skulu fullnægja sömu hæfisskilyrðum og aðalmenn.

□ Kostnaður við störf úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, sbr. þó 13. gr. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfslið í samráði við ráðherra.

■ **8. gr.** *Meðferð bótakrafna af hálfu úrskurðarnefndar.*

□ Í erindi til úrskurðarnefndar á grundvelli [3. mgr.]¹⁾ 6. gr. skal greina helstu rök fyrir því að viðkomandi eigi ríkari rétt en niðurstaða sýslumanns ber vott um. Úrskurðarnefndin getur kvatt þann sem leitað hefur til nefndarinnar til viðtals þar sem aflað verður nánari upplýsinga um grundvöll kröfunnar. Þá getur hún sömuleiðis leitað eftir afstöðu sýslumanns til kröfunnar eða kvatt aðra einstaklinga til viðtals, t.d. fyrrverandi starfsfólk á stofnun . . .¹⁾

□ Úrskurðarnefndinni er heimilt að óska eftir umboði þess sem kröfu gerir til að afla læknisfræðilegra gagna um heilsufar hans, ef slík gögn skipta sérstöku máli að álitu nefndarinnar. Slík gagnaöflun skal vera á kostnað nefndarinnar.

□ [Úrskurðarnefndin skal hafa aðgang að gögnum sem sýslumaður hefur aflað skv. 2. mgr. 5. gr.]¹⁾

□ [Nú telur sá sem kröfu gerir að gögn skv. 3. mgr. séu ófullnægjandi við mat á rétti hans til sanngirnibóta samkvæmt lögum þessum, eða hann óskar af öðrum ástæðum eftir því að tjá sig nánar um atriði sem gögnin taka til, og skal þá úrskurðarnefndin heimila honum að leggja fram skriflega greinargerð.]¹⁾ Úrskurðarnefndin skal meta [framkomnar upplýsingar]¹⁾ heildstætt.

□ Úrskurðarnefndin skal ljúka meðferð hverrar kröfu eins fljótt og auðið er.

¹⁾ L. 148/2020, 6. gr.

■ **9. gr.** *Ákvörðun um bætur.*

□ Úrskurðarnefndin skal kveða upp skriflegan úrskurð þar sem tekin er afstaða til kröfu þess sem leitar til nefndarinnar um bætur. Tilgreina skal helstu röksemdir sem niðurstaðan er reist á.

□ Við mat á því hvort nægilega sé í ljós leitt að bótaskilyrði 3. gr. séu uppfyllt, og við mat á þeim atriðum sem greinir í 4. gr., skal úrskurðarnefndin líta til fyrirliggjandi gagna og þess hvernig frásögn viðkomandi samræmist því sem vitað er um aðstæður á viðkomandi stofnun . . .¹⁾

□ Nú hefur sá er kröfu gerir notið aðstoðar lögmanns við gerð kröfu og aðra ráðgjöf og skal þá úrskurðarnefndin jafnframt hugsanlegum sanngirnibótum úrskurða hæfilegan kostnað samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tímasettri skýrslu lögmannsins. Að jafnaði skal ekki úrskurða hærrí þóknun en svarar til 10 klst. vinnu.

□ Úrskurður nefndarinnar er endanlegur á stjórnsýslustigi. Ekki er hægt að bera niðurstöðu um bótarétt skv. 3. og 4. gr. undir dómstóla fyrir en úrskurður úrskurðarnefndar um sanngirnibætur liggur fyrir. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að úrskurðurinn var kynntur aðila máls og málsókninni skal beint að úrskurðarnefndinni.

□ Gjaldtagi bóta er [30 dögum]¹⁾ eftir að úrskurður er kveðinn upp.

¹⁾ L. 148/2020, 7. gr.

■ **10. gr.** *[Tengiliður vegna stofnana fyrir fötluð börn.]¹⁾*

□ [Tengiliður stofnana fyrir fötluð börn skal koma]¹⁾ með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna

að eiga bótarétt samkvæmt lögnum. Hann skal m.a. leiðbeina þeim sem til hans leita um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns. [Þá skal hann leiðbeina fyrrverandi vistmönnum sem eiga um sárt að binda í kjölfar vistunar um úrræði sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á, svo sem varðandi endurhæfingu og menntun.]¹⁾ Eftir [að kröfulýsingarfresti skv. 1. mgr. 5. gr. lýkur]¹⁾ getur ráðherra lagt niður starf tengiliðs að fenginni tillögu úrskurðarnefndar.

¹⁾ L. 148/2020, 8. gr.

■ **11. gr.** *Framsal krafna og aðilaskipti fyrir erfðir.*

□ Ekki er heimilt að framselja kröfu samkvæmt lögum þessum, nema hún sé viðurkennd og fjárhæð hennar ákvörðuð af úrskurðarnefnd. Bætur eru undanþegnar aðför skv. 46. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

□ Krafa um bætur samkvæmt lögum þessum erfist í samræmi við erfðalög, nr. 8/1962, hafi tjónþoli lýst kröfu skv. 5. gr. Hafi tjónþoli fallið frá áður en honum var unnt að lýsa slíkri kröfu erfist krafan til eftirlifandi barna sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir. Um aðgang að gögnum í vörslu . . .¹⁾ stjórnvalda varðandi kröfu á þessum grundvelli fer samkvæmt ákvæðum 5. og 8. gr.

¹⁾ L. 148/2020, 9. gr.

■ **12. gr.** *Ýmis ákvæði.*

□ Um sanngirnibætur samkvæmt lögum þessum fer skv. 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Óheimilt er að skuldajafna kröfum ríkisins, sveitarfélaga eða stofnana þeirra á móti greiðslum samkvæmt lögum þessum.

□ Aðrar greiðslur sem einstaklingur kann að njóta, t.d. á grundvelli laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, eða úr lífeyrissjóðum, hafa ekki áhrif á ákvörðun sanngirnibóta samkvæmt lögum þessum. Greiddar sanngirnibætur mynda ekki heldur stofn til frádráttar vegna slíkra annarra greiðslna, né hafa áhrif á réttindi einstaklinga í almannatryggingakerfinu að öðru leyti.

□ [Upplýsingalög gilda ekki um gögn úrskurðarnefndar um sanngirnibætur. Gögnin skulu gerð aðgengileg að þeim tíma liðnum sem getur í lögum um opinber skjalasöfn.]¹⁾

□ Ráðherra er heimilt að gefa út og birta í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni tillögu sýslumanns eða úrskurðarnefndar, nánari reglur²⁾ um viðmið við ákvörðun fjárhæða, meðferð bótakrafna, aðgang sýslumanns eða úrskurðarnefndar að gögnum hjá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum, fyrirkomulag greiðslu bóta, viðmiðunarfjárhæð vegna lögmannskostnaðar og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 72/2019, 21. gr. ²⁾ Rgl. 345/2011, sbr. 1152/2014.

■ **13. gr.** *Ábyrgðarskipting.*

□ Hafi sveitarfélag rekið . . .¹⁾ stofnun skal ráðherra efna til viðræðna við viðkomandi um skiptingu kostnaðar af bótagreiðslum og starfi sýslumanns og úrskurðarnefndar.

¹⁾ L. 148/2020, 10. gr.

■ **14. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. [Lögin falla brott 31. desember 2023.]¹⁾

¹⁾ L. 148/2020, 11. gr.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða. . . .¹⁾]²⁾**

¹⁾ L. 148/2020, 12. gr. ²⁾ L. 117/2015, 1. gr.